

gallerí **KLAUSTUR**  
**K** 2011

SIGRÚN BJÖRGVINSDÓTTIR

ORT Í ULL

17.4. - 15.5.



Álfadans á nýársnótt

VERKIN Á  
SÝNINGUNNI

1. Framtíðin
2. Álfadans á nýársnótt
3. Strandaður borgarís
4. Þokulauf I
5. Þokulauf II
6. Nýir eldar I
7. Nýir eldar II
8. Nýir eldar III

Tvö sjöl þæfð á silki



Nýir eldar III

---

SIGRÚN BJÖRGVINSDÓTTIR



Framtíðin



SIGRÚN BJÖRGVINSDÓTTIR

Fædd í Fljótssdal 1931

Sigrún er fædd á Hrafnkelsstöðum í Fljótssdal en ólst upp á Víðilæk í Skriðdal. Hún lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Laugarvatni 1959 og haustið 1961 varð hún kennari við Alþýðuskólann á Eiðum og kenndi auk þess við grunnskólann þar í níu ár. Síðar vann hún lengi við mötuneyti skólanna. Hún var blaðamaður við vikublaðið *Austra* í tvö ár og fréttaritari hjá DV í nokkur ár. Síðustu árin á vinnumarkaði vann hún hjá Gróðrastöðinni Barra en hún hefur lengi fengist við skógrækt og gerir enn.

Um miðjan tíunda áratug síðustu aldar fór Sigrún á námskeið sem Myndlistar- og handiðaskólinn hélt á Hallormsstað. Þar komst hún í kynni við þæfingu á ull. Hún þróaði síðan sínar eigin aðferðir og fór fljótlega að þæfa fíngerðar myndir.

Sigrún hefur skrifað mikið um dagana. Komið hafa út eftir hana þrjár bækur auk smásagna og ljóða í tímaritum. Bækurnar eru: „Perla, draumur um hest“ barnabók sem kom út 1989 og er byggð á sannsögulegum atburðum, „Ég er kölluð Día“, barnabók sem Mál og menning gaf út 1992 og „Loksins verður hjarta mitt rótt. Dagbók frá dvöl í Kanada“ sem Publish Islandica gaf út 1998.

#### SÝNINGAR

- 1998 Cafe Nielsen á Egilsstöðum
- 2003 Vest-Norden handverkssýningu í Laugardalshöll
- 2003 Lókaffi í Reykjavík
- 2005 Flugstöðinni á Egilsstöðum
- 2006 Menningarmiðstöðin Gerðuberg í Reykjavík